

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Fjallskilanefnd Fljótshlíðar vísar til ofangreindra reglugerðadraga sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda 24. September sl. Fjallskilanefnd Fljótshlíðar (hér eftir skammstafað FjFl) vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Um afrétt Fljótshlíðar Græna fjall

Staðhættir: Afrétturinn er tæpir 120 km². „*Afréttur Fljótshlíðinga heitir Græna fjall. Ræður þar Markarfljót mörkum sunnan og austan neðan frá gljúfri því, sem Fljótið kemur fram úr innan við Húsadal á Þórsmörk, og inn fyrir Stóra-Græna fjall, sem er innst á afréttinum. Þar beygir svo Fljótið til norðurs og síðan vesturs, og myndar þar þannig hálfhring um Stóra-Græna fjall. Ræður Fljótið þannig mörkum einnig að norðan á móti Hvítmögu, lítilli jökulkvísl, sem kemur úr norðaustanverðum Tindfjallajökli. Að vestan takmarkast afrétturinn af Tindfjallajökli fyrst en síðan Þórólfsá niður undir Þórólfsfell, en þar beygir markalínun til austurs niður á Gilsáraur austan fellsins og loks í Öldustein (Lausöldu) norðaustur af Þórsmökkurana.*“ (Göngur og réttir, Sigurbór Ólafsson, 1948). Þá er Þórólfsfell í eigu sveitarfélagsins hluti af afréttinum og telst fremsti hluti afréttarins.

Í dag ganga um 890 lambær á Græna fjall á sumri hverju. Er það um 21% heildarfjárfjölda sveitarinnar. Beit hefst oftast á tímabilinu frá 7.-30. júní. Tíðarfar og ástand gróðurs ræður algjörlega um upphaf beirtíma og er sú ákvörðun tekin af fjallskilanefnd í samráði við fulltrúa landgræðslunnar. Árið 2010 skilaði Eyjafjallajökull talsverðri ösku yfir afréttinn, einkum fremsta hluta hans. Var þá ákveðið að sleppa ekki fé á afréttinn það sumarið, um það ríkti full sátt og lögðust allir á eitt að finna önnur úrræði. Ákvarðanir um nýtingu svæðisins byggir því ekki síður á sjónarmiðum verndar en nýtingar.

Breyting á landnotkun undanfarna áratugi

Undanfarna áratugi hefur fé á afrétti fækkað umtalsvert en talið er að um 1980 þegar fé var flest hafi verið um 9200 fjár á vetrarfóðrum í Fljótshlíð. Miðað við sama hlutfall fjár á fjalli (21%) má áætla að hafi komið rúmlega 1900 lambær til réttar að hausti. Fé hefur því fækkað um meira en helming. Önnur breyting á landnotum svæðisins sem er ekki síður veigamikil er beirtíminn. Stytting beirtíma á afréttinum hefur orðið í báða enda en heildarbeirtími hefur þróast undanfarna áratugi úr rúmum fimm mánuðum í tæpa þrjá. Smölun afréttarins að hausti fer fram um hálfum mánuði fyrir núorðið. Vetrararbeit í landinu tíðkaðist fram undir 1980. Vetrararbeit var stunduð í Þórólfsfelli frá Fljótssdal og frá öðrum jörðum sveitarinnar var fé á Fljótshlíðarafrétt sleppt snemma að vorinu. Því til marks var jafnan farið til fjalls að loknum sauðburði, fé rekið saman rúið og markaðir ómerkingar. Það er enginn vafi að þegar beit er viðhöfð alveg frá upphafi gróandans á hverju ári verða áhrif nýtingarinnar mun meiri. Þá þarf ekki að orðlengja um áhrif vetrararbeitar í samanburði við beit sem spannar aðeins hásprettutíma hvers árs en á vetrararbeit leggjast grasbitar á rætur plantna en ekki eingöngu ofanjarðarhluta plöntunnar enda safnast næringarefni plantna í rætur yfir vetrartímann.

Undanfarin u.þ.b. 30 ár hefur gróður verið í sókn á afréttinum. Það er þó ljóst að á einhverjum tímabilum fyrir á tímum hefur gróðurhagnun átt sér stað á svæðinu. Þórólfsfell er nefnt í Njálu þar sem þrælur Njáls voru við skógarhögg. Nú er Fellið svo til skóglaut og eingöngu að hluta gróið. Líkt er um Fauskheiði þar er enginn trjágróður í dag en nafnið ber þess vitni að þar hafi á einhverjum tíma verið skóglendi. Það má því áætla að skóglendi hafi verið útbreiddara á afréttinum en nú er. Í Göngum og réttum frá 1948 er gróðurfari afréttarins list á þessa leið: „*Fremur er afrétturinn vel*

gróinn miðað við nærliggjandi afrétti, auðvitað að Þórsmörk undanskilinni, en ekki er skógur á honum nema í smátorfu, sem er í Fljótsgilinu innan við Tröllagjá. Eru þar beinvaxin og falleg tré, en einstigi ofan að fara, ófært sauðfé. Mun það hafa borgið trjám þessum frá tortímingu. Í Fífuhvömmum, sem eru sunnan í Fauskheiði, vex dálítið af eini og þar og víðar er nokkuð af beitilyngi, en annars er aðallega vallendisgróður á afréttinum og svo nokkur háfjallagróður.“ Í dag er loðvíðir orðinn nokkuð útbreiddur bæði í Fífuhvömmum og víðar á Fauskheiði, í Tröllagjá, inn á Einhyrning og Einhyrningsflötum sem og upp af Kanastöðum. Þá er birki í talsverðri útbreiðslu út frá þeim takmörkuðu fræuppsprettum sem eru til staðar. Birki hefur þannig breiðst út á svokölluðum Klöppum sem er svæðið sem liggur milli Tröllagjár og Markarfljóts (Fljótsgils). Það er vel þekkt að sauðfé er hrifið af nýgræðingi birkiplantna, því verður að teljast merkilegt að birkið nái þessari útbreiðslu með beitinni einkum sé til þess lítið að ekkert skóglendi er á afréttinum sem annað val fjárins til átu. Þetta hlýtur að teljast augljóst merki þess að beitarálag er mjög lítið og áhrif beitar ekki takmarkandi þáttur varðandi útbreiðslu eftirsótttra og viðkvæmra beitarjurta. Þá dylst engum sem þekkir svæðið og hefur fylgst með þróun þess að rof hafa lokast og klæðst gróðri og víða eru komnir gróðurtoppar inn í rofsvæði inn um allan afrétt sem áður voru sorfin. Þá er loðvíðir einnig að koma inn í auknum mæli í uppgræðslusvæði. Hefur þessi styrking og útbreiðsla gróðurs m.a. á trjágróðri orðið samhliða þeirri beit sem er nú stunduð á svæðinu. FjFl þykir augljóst að nýting beitarrettthafa á Fljótshlíðarafrétti samræmist sjónarmiðum um sjálfbæra þróun enda er auðlindin nýtt á hófsaman hátt og þannig að hún nær að endurnýja sig.

Nytjaréttthafar á afréttinum hafa stundað landbætur frá því upp úr 1970. Í fyrstu var borið á með áburðarflugvél landgræðslunnar en síðar færðist dreifingin yfir til bænda á dráttarvélum. Mest hefur verið unnið með tilbúinn áburð en einnig rúllur og skít. Mikill og góður árangur hefur náðst með þessu samstarfi bænda, sveitarfélags og LGR. Hafa verið græddir upp 1006 ha og unnið er á um 70-80 ha árlega. Nýleg athugun á árangri landbótaáætlunar sem unnið er eftir bendir til þess að markmið um 80 ha uppgræðslu náist á gildistíma hennar og því hægt að bæta við svæðum þegar áætlun verður uppfærð að gildistíma loknum. Auk þess hafa bændur gert tilraun með birkisáningu og afmörkuð verkefni unnin við lagfæringu eftir utanvega akstur og skemmdir í kringum vegslóða og reiðgötur. Er því ljóst að landbótastarf bænda á afréttinum nær út fyrir það sem hægt er að tengja við nýtingu vegna beitar eða búskapar réttthafa.

Áhrif reglugerðardröga á nýtingu lands

Reglugerðadrögin sem liggja nú fyrir til umsagnar gera ráð fyrir að meta sjálfbærni einvörðungu út frá ástandi lands miðað við vistgetu landsins. Upplýsingar um vistgetu liggja ekki fyrir. Til stendur að meta landið allt niður í 2-10 ha einingar. Það er því í raun ógerningur að átta sig á hver áhrif reglugerðarinnar eru nákvæmlega fyrir nýtingu bænda á svæðinu. FjFl gerir sér þó fulla grein fyrir að líklega eru samfelld svæði á afréttinum undir vistgetu, sbr. sögulegar staðreyndir sem áður voru raktar. Jafnframt hafa bændur lagt á sig mikla vinnu við uppgræðslustörf á svæðinu í þeirri vissu að hægt sé að færa gróðurfar afréttarins til betri vegar. FjFl leyfir sér að fullyrða að sú hóflega nýting bænda sem er á svæðinu, ásamt landbótastarfi þeirra skilar svæðinu hraðari gróðurframvindu en ef svæðinu væri lokað fyrir beit.

Það liggur fyrir skv. Fyrirliggjandi reglugerðardrögum að svæði sem ekki ná 20% æðplöntuþekju eða geta ekki talist til nýtingarlands og eru sett ströng skilyrði fyrir því hve mikið af slíku landi má vera innan beitar svæðis. Þá geta svæði sem fara í yfir 700 m hæð aldrei talist sjálfbær samkvæmt drögum. FjFl lýsir furðu sinni á þessum skilyrðum enda mjög vandséð hverju friðun á mörgum þessara svæða á að skila. Vart verður rökstutt að í þeim tilfellum hafi skilyrðin nokkuð með sjálfbæra þróun að gera eða hver tilgangurinn þá í raun er. Nefna skal tvö dæmi þar um:

- a) Svæði með undir 20% æðplöntuþekju. Svokallaðar Klappir sem áður eru nefndar er samfelld sléttlendi. Á blettum hefur gróður náð sér á strik þar sem einhver jarðvegur/fínefni er fyrir hendi en mestmegnis er svæðið ber hraunklöpp sem að líkindum hefur aldrei verið gróin. Eins og áður sagði er birki að breiðast út á þessu svæði og stefnir í myndarlegan birkiskóg, á einhverjum tímapunkti mun þekja æðplantna því líklega ná 20% en það stefnir í það mark með núverandi nýtingu. Undarleg nálgun er að þetta svæði (eða sambærileg) gengisfelli beitilandið gagnvart sjálfbærni viðmiðum enda svæðið í góðri framför samhliða beitinni.
- b) Svæði yfir 700 m/ys. Stóra-Græna fjall er innst á afrétti Fljótshlíðinga sem losar 880 m h ys. Fjallið er algróið, grasi gróið að sunnanverðunni og grasi og mosagróið að norðanverðu. Þá er fjallið snarbratt líklega vel yfir 30°. Það er jafnan fé í Stóra-Græna fjalli í fyrstu göngum að hausti. Sú staðreynd að samfelld gróðurþekja sé á fjallinu ofan almennra gróðurmarka þrátt fyrir aldalinga beitarnýtingu yfir sumartímamann ætti að setja stórt spurningarmerki við þessi viðmið um hæðarmörk gagnvart beitaráhrifum við þessar aðstæður.

Þá gagnrýnir FjFI harðlega þá nálgun að taka ekki tillit til beitarálags, við setningu viðmiða um sjálfbæra nýtingu. Hvorki er litið til fjölda beitarðýra eða beitatíma þó hvortveggja hljóti að vera afgerandi þáttur varðandi áhrif nýtingarinnar og Fljótshlíðarafréttur er kannski einmitt gott dæmi um.

Jafnframt lýsir FjFI yfir furðu á því að ekki sé gert ráð fyrir að vinna sjálfbærnimat út frá niðurstöðum vöktunar í gegnum verkefnið Grólinn. Það verkefni var sett af stað að frumkvæði bænda með það að markmiði að safna faglegum gögnum um ástand lands, þróun gróðurfars og nýtingu. Nauðsynlegt er að taka tillit til niðurstaðna um þróun gróðurfars við setningu sjálfbærni viðmiða. Það gæfi mun sterkari grunn undir mat á sjálfbærni. Þau viðmið sem sett eru fram í þessum drögum telur FjFI, í ljósi þess sem á undan er rakið, einsýnt að byggi ekki á faglegum grunni.

Samantekt og tillögur

Óviðunandi er að setja fram svo veigamikil viðmið eins og birtast í þessum reglugerðardrögum þegar ekki liggja fyrir algjör grunndvallargögn við matið s.s. vistgetukortin. Þá gerir FjFI athugasemd við núverandi ástandsflokkun lands og bendir á að gögnin vanmeta á nokkuð samfelldum svæðum ástand lands á afréttinum. Í þriðja lagi er ljóst að beitar kortlagning grólinnar er ekki rétt eins og hún er. Kemur það ekki fram í gögnum fyrir afréttinn en erfitt var að átta sig á beitarhólfum heimalanda þegar bændum var gert að skrá á beitar svæði sl. vetur. Það er fráleitt að svo íþyngjandi og mikilvæg skilyrði eigi að setja á grunni svo veikra gagna. Grólinnarverkefninu hefur verið vel tekið af nýtingaraðilum. Vinnubrögð þau sem birtast í þessum reglugerðardrögum eru til þess fallin að grafa undan trúverðugleika Grólinnarverkefnisins og við það má ekki una.

Upplýsingar um þróun gróðurfars og beitarálag ásamt mati á því hvernig svæðið er statt miðað við vistgetu ætti að gefa góða mynd af því hvort nýting hamli gróðurframför eða ekki. Með þessum upplýsingum ætti einnig að vera hægt að byggja faglegan grunn fyrir % -viðmið um ástand lands, hæð yfir sjó, gróðurþekju og mögulega aðra þætti sem ljóst þykir að myndi samspilsáhrif við beitar nýtingu.

FjFI leggur til að reglugerðin verði endurgerð, byggð á bættri nálgun og traustari faglegum grunni. Að vistgetukort af landinu liggja fyrir svo hægt sé að meta áhrif af reglugerðinni. Að ástandsflokkun Grólinnar sé yfirfarin þannig að hún endurspegli raunverulegt ástand lands. Einnig að beitar kortlagning sé samhæfð milli svæða og þannig endurspegli raunverulega nýtingu lands til beitar.

Fjallskilanefnd Fljótshlíðar